

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 2013 í máli nr. S-128/2012:

Ákærvaldið

(Birgir Jónasson saksóknarfulltrúi)

gegn

Önnu V Heiðdal

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Ár 2013, fimmtudaginn 27. júní, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af héraðsdómurinum Pétri Guðgeirssyni, dómsformanni, Arngrími Ísberg og Skúla Magnússyni kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 128/2012: Ákærvaldið (Birgir Jónasson) gegn Önnu V. Heiðdal (Helgi Jóhannesson hrl.), sem tekið var til dóms að aflokinni aðalmeðferð hinn 19. júní sl.

Málið er höfðað með ákæru sérstaks saksóknara, dagsettri 17. febrúar 2012, á hendur ákærðu, Önnu V Heiðdal, kt. 000000-0000, Bergstaðastræti 8, Reykjavík, fyrir „fjárdrátt, með því að hafa í starfi sínu við einkabankaþjónustu á eignastýringarsviði Kaupþings banka hf., að Borgartúni 19 í Reykjavík, á tímabilinu 30. apríl 2004 til 24. janúar 2008, í eftirtalin 18 skipti dregið sér samtals 50.403.890 krónur, sem voru hluti söluandvirðis óskráðra verðbréfa, það er skuldabréfa og víxla, sem ákærða aðstoðaði seljendur við að gefa út, með því að millifæra söluandvirði verðbréfanna af bankareikningum kaupenda bréfanna inn á eigin bankareikning, nr. [...], og slá þannig eign sinni á það, í stað þess að ráðstafa því í þágu seljenda, svo sem nánar greinir:

1. Föstudaginn 30. apríl 2004, 3.965.492 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Ástþórs Yngva Einarssonar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 53085/5244, að nafnverði 4.100.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 29. apríl sama ár.

2. Miðvikudaginn 2. júní 2004, 3.898.869 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Sturlu Péturssonar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 53086/52679, að nafnverði 4.325.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 1. júní sama ár.

3. Miðvikudaginn 2. júní 2004, 1.098.201 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Þórðar Harðarsonar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á skuldabréfi nr.

53087/52680, að nafnverði 1.100.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 1. júní sama ár.

4. Mánudaginn 8. nóvember 2004, 975.505 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Stefaníu Borgar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hennar á skuldabréfi nr. 52796, að nafnverði 1.000.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 5. nóvember sama ár.

5. Mánudaginn 29. nóvember 2004, 3.973.095 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Þórðar Harðarsonar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 53093/52805, að nafnverði 4.000.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 26. nóvember sama ár.

6. Mánudaginn 4. apríl 2005, 4.704.060 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Úlfs Sigurmundssonar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 53094/52912, að nafnverði 4.500.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 1. apríl sama ár.

7. Föstudaginn 3. júní 2005, 5.306.744 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Bryndísar Önnu Guðmundsdóttur, kt. 000000-0000, vegna kaupa hennar á skuldabréfi nr. 53107/52953, að nafnverði 5.000.000 krónur, þar sem skuldari var Yl-hús ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 2. júní sama ár.

8. Miðvikudaginn 31. ágúst 2005, 2.197.738 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Ástþórs Yngva Einarssonar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 53117/52984, að nafnverði 2.000.000 krónur, þar sem skuldari var Yl-hús ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 30. ágúst sama ár.

9. Föstudaginn 27. janúar 2006, 2.937.015 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Bryndísar Önnu Guðmundsdóttur, kt. 000000-0000, vegna kaupa hennar á skuldabréfi nr. 53033, að nafnverði 3.135.000 krónur, þar sem skuldari var Yl-hús ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 26. janúar sama ár.

10. Miðvikudaginn 17. maí 2006, 4.860.035 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Bryndísar Önnu Guðmundsdóttur, kt. 000000-0000, vegna kaupa hennar á skuldabréfi nr. 53134, að nafnverði 5.500.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 16. maí sama ár.

11. Þriðjudaginn 29. ágúst 2006, 2.323.022 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Garðars Briem, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á víxli nr. 995640, að nafnverði 2.500.000 krónur, þar sem greiðandi var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 28. ágúst sama ár.

12. Fimmtudaginn 2. nóvember 2006, 2.333.536 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Úlfs Sigurmundssonar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 995658, að nafnverði 2.500.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 1. nóvember sama ár.

13. Miðvikudaginn 7. mars 2007, 2.835.747 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Jóns Gunnars Hannessonar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á víxli nr. 995776, að nafnverði 3.000.000 krónur, þar sem greiðandi var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 6. mars sama ár.

14. Þriðjudaginn 12. júní 2007, 1.393.694 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Garðars Briem, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á víxli nr. 995792, að nafnverði 1.500.000 krónur, þar sem greiðandi var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 11. júní sama ár.

15. Þriðjudaginn 31. júlí 2007, 1.384.190 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Úlfs Sigurmundssonar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á víxli nr. 995800, að nafnverði 1.500.000 krónur, þar sem greiðandi var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 30. júlí sama ár.

16. Fimmtudaginn 23. ágúst 2007, 1.381.012 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Þórðar Harðarsonar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á víxli nr. 995804, að nafnverði 1.500.000 krónur, þar sem greiðandi var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 22. ágúst sama ár.

17. Miðvikudaginn 24. október 2007, 2.918.110 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Jóns Gunnars Hannessonar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 995821, að nafnverði 3.000.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 23. október sama ár.

18. Fimmtudaginn 24. janúar 2008, 1.917.825 krónur, af reikningi nr. [...], í eigu Jóns Gunnars Hannessonar, kt. 000000-0000, vegna kaupa hans á skuldabréfi nr. 995844, að nafnverði 2.000.000 krónur, þar sem skuldari var Hraunbær 107 ehf., kt. 000000-0000, en ákærða hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd kaupanda og seljanda 23. janúar sama ár.

Telst háttsemin varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakar kostnaðar.“

Málavextir

Rannsókn máls þessa hófst í kjölfar kæru skilanevndar Kaupþings banka hf., sem barst lögreglu 28. júní 2009. Í inngangi kærubréfsins segir að ákærða hafi starfað á „eignastýringarsviði bankans við svokallaða einkabankþjónustu, en veigamikill þáttur þjónustunnar felst í því að fjárfesta fyrir hönd viðskiptavina á grundvelli sérstaks þjónustusamnings. Í starfi sínu hafði [ákærða] þannig milligöngu um kaup og sölu verðbréfa. Eftir rannsókn innri endurskoðunar Kaupþings banka hf. virðist sem [ákærða] hafi, í skjóli aðstöðu sinnar í bankanum, dregið sér fé með því að millifæra af vörslureikningum viðskiptamanna bankans yfir á eigin reikning. Eiga umræddar millifærslur rætur að rekja til þjónustu vegna viðskipta með óskráð skuldabréf og víxla.“

Í bréfinu er nánar rakið að ákærða hafi selt viðskiptavinum bankans skuldabréf útgefin af og víxla samþykkt m.a. af Hraunbæ 107 ehf. og Y1-húsum ehf. Síðan hafi hún millifært greiðslur kaupendanna inn á sinn eigin reikning í öðrum banka, í stað þess að greiða útgefendum bréfanna andvirði þeirra. Fram kom fram við meðferð málsins að umræddur reikningur var á nafni eiginmanns ákærðu og hennar sjálfar. Kom nafn manns hennar þannig fram á kvittunum þegar millifært hafði verið.

Y1-hús er verktakafyrirtæki sem þeir Ágúst Bjarnason og Sigurður Þ. Sigurðsson reka. Mál þetta er sprottið af framkvæmdum er félag þetta stóð fyrir í Hraunbæ í Reykjavík. Síðar stofnuðu þeir Ágúst og Sigurður einkahlutafélagið Hraunbæ 107. Keypti það hluta af þeirri húseign og hefur leigt þar út íbúðir.

Ákærða, sem hefur langa reynslu af verðbréfamiðlun, var samkvæmt ráðningarsamningi 10. júní 2002, starfsmaður í einkabankþjónustu á eignastýringarsviði Kaupþings-banka hf. Starfssvið hennar var aðallega að sjá um fjárfestingar viðskiptavina einkabankþjónustunnar, miðla til þeirra upplýsingum, gera þeim grein fyrir fjárfestingastefnu og fræða þá um kaup og sölu verðbréfa. Sérstaklega segir þar að hlutverk hennar sé einnig að annast kaup og sölu óskráðra skuldabréfa og víxla.

Ákærða kannast við það að hafa í þeim 18 tilvikum, sem tilgreind eru í ákærinni, látið millifæra fé af reikningum tilheyrandi þeim Ástþóri Yngva Einarssyni, Sturlu Péturssyni, Þórði Harðarsyni, Stefaníu Borg, Úlfi Sigurmundssyni, Bryndísi Önnu Guðmundsdóttur, Garðari Briem og Jóni Gunnari Hannessyni, inn á eigin bankareikning og eiginmanns síns nr. [...]. Aðspurð segist hún hafa gefið upp kennitölu eiginmanns síns við reikninginn þegar hún lét millifæra fyrir sig til þess að nafni hennar yrði haldið utan við þetta. Ákærða kveður þessum ráðstöfunum vera í öllum atriðum rétt lýst í ákærinni. Þá liggur fyrir að féð á reikningunum var andvirði seldra verðbréfa sem Y1-hús og Hraunbær 107 höfðu gefið út. Telur ákærða sig hafa heimild til þess að leggja fé þetta inn á reikning sinn, enda hafi hún átt það. Helgist það af því að hún hafði lánað félögunum tveimur, Y1-húsum og Hraunbær 107, með því að kaupa víxla sem Ágúst og Sigurður höfðu gefið út í þeirra nafni. Kveðst hún fyrst hafa keypt 10 milljón króna víxil af Y1-húsum á árinu 1998, en andvirði hans hafi farið til greiðslu eldri víxils sem ekki fékkst framlengdur. Fram kemur hjá henni að hún hafi komið sjálfri sér inn í þessi viðskipti með því að segja þeim Ágústi og Sigurði að kröfuhafinn hefði samþykkt að framlengja víxilinn en kaupa hann sjálf. Hún kveðst hafa haft handbært fé sem var ætlað í sumarbústaðarbyggingu en hún svo ákveðið að nota það í þessi

viðskipti. Víxillinn sé uppgreiddur og týndur. Ákærða kveðst síðar hafa lánað þeim, þ.e. annað hvort Y1-húsum eða Hraunbæ 107, með sama hætti um 15 milljónir króna í nóvember 2000. Hefðu þeir skrifað upp á víxil og líklega legið mikið á að fá hann seldan. Hafi hún látið leggja andvirði víxilsins inn á reikning þeirra. Hafi hún átt peninga sem hún fékk greidda fyrir skuldir, annars vegar frá fyrirtæki sem hún átti og hins vegar fé sem kom í hennar hlut við hjónaskilnað. Kveðst hún hafa geymt peningana í svefnherbergisskáp og lagt inn á reikninginn í peningum. Hún kveðst ekki eiga kvittanir fyrir þessari greiðslu. Þá segist hún ekki hafa talið þetta fé fram til skatts. Með vöxtum hefði skuld félaganna svo numið um 50 milljónum króna. Gögn um þessi viðskipti hennar segir ákærða að hafi farið forgörðum. Ákærða kveðst svo hafa sagt þeim Sigurði og Ágústi árið 2002 eða 2003 að hún væri skuldareigandinn. Hafi það ekki virst koma þeim á óvart. Hún segist undrast þann framburð þeirra að þeim hafi ekki verið sagt þetta.

Dómurinn hefur staðreynt að ráðstafanirnar 18, sem ákærða hefur játað að hafa gert og ákært er fyrir, eru í samræmi við gögn málsins.

Sigurður Þ. Sigurðsson og Ágúst Bjarnason hafa komið fyrir dóm og borið að þeir hafi ekki vitað til þess að ákærða hefði sjálf keypt verðbréf af félögunum tveimur, Y1-húsum og Hraunbæ 107. Af frásögn þeirra er ljóst að þeir höfðu litla yfirsýn yfir rekstur félaganna og að það kom í hlut ákærðu að stýra fjármálum þeirra að talsverðu leyti. Er það og í samræmi við það sem fram er komið hjá ákærðu um það atriði.

Meðal gagna málsins er ljósrit af víxli að fjárhæð 15.600.000 krónur, útgefnum 20. febrúar 2001, með gjalddaga 20. maí sama ár. Fram er komið hjá ákærðu að hann sé úr langri röð víxla í lánviðskiptu ákærðu og fyrirtækja Sigurðar og Ágúst.

Niðurstaða

Ákærða mótmælir ekki lýsingu ákæru á háttsemi sinni en hefur borið það fyrir sig í málinu að hún hafi átt rétt til þess fjár, sem hún lét millifæra af reikningum viðskiptavina Kaupþings-banka hf. inn á eigin reikning, af þeim ástæðum sem raktar voru. Engin gögn eru til um kaup ákærðu á verðbréfum af fyrrgreindum félögum eða um lánveitingar hennar til þeirra, ef frá er talið ljósritið af fyrrnefndum víxli. Fyrirsvarsmenn félaganna, fyrrgreindir Sigurður og Ágúst, hafa borið fyrir dómi að umræddur víxill hafi verið löngu greiddur, en hafi aldrei verið tryggingarskjal fyrir neins konar kröfu ákærðu. Þá kannast þeir ekki við að hafa átt í viðskiptum við ákærðu persónulega, hvorki fyrr né síðar. Þá er þess að gæta að hvergi í málinu sér þess stað að ákærða hafi gefið þessum ætluðu skuldurum kvittanir fyrir greiðslum eða með öðrum hætti lækkað kröfu sína að tiltölu við það fé sem hún tók sér.

Að mati dómsins eru viss ólíkindablær yfir þeim skýringum ákærðu að hún hafi lánað félögunum, án vitundar fyrirsvarsmanna þeirra, umtalsverða fjármuni, sem hún geymdi í reiðufé á heimili sínu. Þá þykir sú frásögn ákærðu vera fremur grunsamleg, að öll gögn um þessi viðskipti hafi síðar tapast fyrir slysi við

starfslok hennar í bankanum. Þrátt fyrir þetta verður ekki alveg útilokað að hún hafi á einhverju tímabili lánað umræddum félögum þeirra Sigurðar og Ágústis fé og þannig álitid að hún ætti af þeim sökum fjárkröfu á hendur þeim.

Ákærðu, sem hafði langa reynslu af verðbréfavíðskiptum hlaut að vera ljóst að hún gat ekki haft heimild til þess að færa fé af reikningum víðskiptamanna bankans yfir á eigin reikning, án vitundar þeirra og samþykkis, auk þess sem slíkar reikningsfærslur gátu hvorki samrýmst hagsmunum bankans né víðskiptavina hans. Þegar allt framangreint er virt verður að telja, án tillits til þess hvort ákærða átti einhverja kröfu á hendur fyrrgreindum félögum, að auðgunarásetningur hafi búið með henni þegar hún lét greiða féð inn á persónulegan reikning sinn og að hún hafi með þessari háttsemi slegið eign sinni á það. Hefur hún þannig orðið brotleg við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing og sakarkostnaður

Ákærðu hefur ekki verið refsað áður. Brot hennar er stórfellt og jafnframt braut hún gróflega gegn trúnaðarskyldum sem starfi hennar fylgdu. Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Langt er liðið frá brotunum og ákærða er roskin að aldri. Þykir mega ákveða að fresta refsingunni og ákveða að hún falli niður að liðnum þremur árum, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða verjanda sínum, Helga Jóhannessyni hrl., 250.000 krónur í málsvarnarlaun að meðtöldum virðisaukaskatti.

Þá ber að dæma að ákærða greiði annan kostnað af málinu, 25.972 krónur.

DÓMSORÐ:

Ákærða, Anna V. Heiðdal, sæti fangelsi tvö ár. Refsingunni er frestað og fellur hún niður að liðnum þremur árum, haldi ákærða almennt skilorð.

Ákærða greiði verjanda sínum, Helga Jóhannessyni hrl., 250.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærða greiði annan kostnað af málinu, 25.972 krónur.

Pétur Guðgeirsson

Arngrímur Ísberg

Skúli Magnússon

